



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Kirkjusandur 2 - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 30. júní 2022, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 29. júní 2022 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kirkjusands vegna lóðar nr. 2 við Kirkjusand, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er verið að fjalla um tillögu að breytingu á deiliskipulagi. Breytt byggingarmagn og breytt starfsemi á lóðinni þar sem verður blönduð starfsemi íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, í samræmi við aðra hluta deiliskipulags svæðisins. Enn og aftur er talað um líffræðilegan fjölbreytileika í samhengi við gróðurþök og segir: „Þök eru almennt gróðurþök þar sem gert er ráð fyrir fjölbreyttum gróðri, sem stuðlar að líffræðilegum fjölbreytileika“. Flokkur fólksins spyr hvaða plöntutegundir hafa höfundar í huga? Er talið að gróður á þaki stuðli að líffræðilegum fjölbreytileika? Er það þá líka réttur skilningur að lagning stíga og gatna minnki líffræðilegan fjölbreytileika? Einnig segir. „Gróður skal einnig valinn með tilliti til þess hve mikið vatn hann getur tekið til sín. Þar sem íverusvæði (með hörðu yfirborði) eru á þökum er vatni af þessu svæðum veitt inn á gróðursvæði“. Flokkur fólksins spyr aftur, hvaða plöntutegundir hafa höfundar í huga?

Helga Björk Laxdal
e.u.